

23. fundur

3.janúar 2019

1201046SA
Málalykill: 502

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra náttúrufræðinga

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra náttúrufræðinga fimmtudaginn 3. janúar 2019 í Borgartúni 6, Reykjavík.

Mætt voru: Fyrir hönd félagsins, Maríanna Helgadóttir.

Fyrir hönd sambandsins, Inga Rún Ólafsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Innleiðing starfsmats

Samkvæmt fundargerð 14. maí 2018 var reiknað með að innleiðingu starfsmats yrði lokið eigi síðar en 31. desember 2018.

Innleiðingarferlið hefur tekið lengri tíma og náðist því ekki að ljúka því á tilskyldum tíma.

SNS lagði til á fundi með formönnum og starfsfólki aðildarfélaga BHM þann 17. desember 2018 að innleiðingu starfsmats yrði framhaldið og lokið eigi síðar en í lok janúar 2019.

Niðurstaða:

Aðilar eru sammála um að vinna áfram að innleiðingu starfsmats samkvæmt ákvörðun sem formenn aðildarfélaga tóku í kjölfar fundar sem haldinn var með SNS þann 17. desember 2018.

Fleira ekki gert og fundi slitið.